

Föstudaginn 3. október 1997.

Nr. 395/1997.

Ákærvaldið(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn**Heiðari Þór Guðmundssyni**

(Helgi Sigurðsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómamarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. september 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 29. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. september 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 4. nóvember 1997 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna úrskurðar héraðsdóms verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. september 1997.

Ár 1997, föstudaginn 26. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur með vísan til a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Heiðari Þór Guðmundssyni, kt. 130758-6499, óstaðsettum í hús, en með dvalarstað að Meðalholti 11, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli því, sem ríkissaksóknari hefur höfðað á hendur honum, þó eigi lengur en til þriðjudagsins 4. nóvember 1997 kl. 16.00, vegna grunar um brot á 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæra á hendur kærða var gefin út í gær, þar sem honum er gefið að sök

að hafa gerst sekur um stórfellda líkamsárás, sem teljist varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt ákærinni er kærði sakaður um að hafa slegið Jósef Gunnar Ingólfsson hnefahögg í andlit og síðan hrint honum aftur á bak með báðum höndum, svo að Jósef Gunnar féll inn á salernið í gólfíð og skall með hnakkann á flísalagðan stökk, sem þar er á gólfi, allt með þeim afleiðingum, að Jósef Gunnar hlaut skurð á hægri augabrún, svöðusár vinstra megin á hnakka og geysimikla blæðingu undir heilabasti yfir öllu hægri heilahveli. Afleiðingar þess eru, að Jósef Gunnar er mjög ruglaður og gerir sér ekki grein fyrir umhverfi sínu eða tíma, er minnslítill og mun þurfa langa endurhæfingu, eins og fram kemur í áverkavottorði, dagsettu 11. september sl.

Kærði hefur viðurkennt að hafa slegið Jósef Gunnar eitt hnefahögg í andlitið.

Framburður vitna er í meginatriðum á þá leið, að sést hafi til kærða slá Jósef Gunnar með krepptum hnefa í andlitið og hrinda honum, svo að höfuð hans hafi skolið á flísalögðum kanti undir vaski á salerni veitingahússins.

Af læknisvottorði er ljóst, að áverkar Jósefs Gunnars eru slíkir, að leitt geti til stórfellds líkams- og heilsutjóns. Kann kærði, ef sök sannast, að hafa gerst sekur um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til rannsóknargagna og þess, að ákæra hefur verið gefin út, verður ekki talið, að a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 eigi hér við. Hins vegar verður að fallast á það með ríkissaksóknara með hliðsjón af læknisvottorðum, að ákvæði 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 eigi hér við. Að því virtu verður fallist á kröfu ríkissaksóknara um framhald gæsluvarðhalds kærða, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Heiðar Þór Guðmundsson, skal sæta áfram gæsluvarðhaldi frá gæsluvarðhaldi því, sem rennur út 30. september nk. kl. 16.00, uns dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til þriðjudagsins 4. nóvember 1997 kl. 16.00.